

## 77. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

3. málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Allur fiskur, sem fluttur er til Spánar, skal vera bundinn í bagga og vera í hæfilegum umbúðum, að dómi matsmanna. Sama gildir um fisk, sem fluttur er til hinna annara Miðjarðarhafslanda, ef hann er fluttur til þessara landa um önnur lönd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

### Fylgiskjal.

#### BRÁÐABIRGÐALOG

um

*breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.*

Vér Christian hinn Tiundi, af Guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

Gerum kunnugt: Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að nýlega sé aftur farið að flytja saltfisk lausan í skipum til Spánar, sem hætt hafi verið við um nokkurt skeið vegna þess, að talin var hætta á skemmdum á fiskinum í þeim flutningum, og með því að Spánarmarkaðinum er talin stafa hætta af þessari flutningsaðferð, ef hún yrði nú aftur tekin upp að nokkru ráði, teljum Vér það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

3. málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Allur fiskur, sem fluttur er til Spánar, skal vera bundinn í bagga og vera í hæflegum umbúðum, að dómi matsmanna. Sama gildir um fisk, sem fluttur er til hinna annara Miðjarðarhafslanda, ef hann er fluttur til þessara landa um önnur lönd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gert á Skaganum, 21. september 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*